

SJÁVARÚTVEGURINN

VEFRIT UM SJÁVARÚTVEGSMÁL

www.sjavarutvegur.is

Útgefandi: Sjávarútvegspjónustan ehf.

Sjávarútvegurinn - Vefrit um sjávarútvegsmál 3 tölubl. 7 árg. Des 2007

Staða þorskeldis og framtíðaráform

Valdimar Ingi Gunnarsson, Fiskeldishópur AVS og Guðbergur Rúnarsson, Landsambandi fiskeldisstöðva

Inngangur


Veiðar á þorski úr Norður-Atlantshafi hafa dregist saman um 3 milljónir tonna á tæpum fjórum áratugum, eða úr 3,9 milljónum tonna árið 1968 í um 840 þúsund tonn árið 2005. Þorskstofninn hefur lengi verið ein helsta auðlind Íslendinga enda sá fiskstofn sem hefur gefið mest af sér til þjóðarbúsins. Árið 1981 var þorskafli Íslendinga í hámarki, um 460 þúsund tonn, en á síðustu árum hefur þorskafli minnkað verulega. Fiskveiðiárið 2007/2008 var aðeins úthlutað 130 þúsundum tonnum af þorski. Ekki er gert ráð fyrir því að veiðar á þorski muni aukast mikið á allra næstu árum frá því sem nú er. Á sama tíma á sér stað stórfelld uppbygging þorskeldis, sérstaklega í Noregi. Það má því velta þeirri spurningu fyrir sér hvaða áhrif aukið þorskeldi muni hafa á íslenskan sjávarútveg og markaðssetningu á villtum þorski. Í þessari samantekt verður þó aðeins gert grein fyrir stöðu þorskeldis í einstökum löndum og framtíðaráformum.

Þorskeldi eftir löndum

Noregur

Í Noregi hefur framleiðsla þorskseiða aukist mikið, eða úr 1,5 milljónum seiða árið 2002 upp í rúmar 11 milljónir seiða árið 2006 (mynd 1). Þar í landi eru um 12 seiðaeldisstöðvar og stærsta stöðin framleiddi um 6 milljónir seiða árið 2006. Þrátt fyrir mikla framleiðsluaukningu á síðustu árum hefur verið skortur á þorskseiðum sem hamlað hefur uppbyggingu matfiskeldis á þorski.

Framleiðsla á eldisþorski í Noregi hefur einnig aukist mikið á síðustu árum eða úr tæpum 200 tonnum árið 2000 í u.þ.b. 11.000 tonn árið 2006 (mynd 2). Framan af



Mynd 1. Fjöldi þorskseiða í sjókvímum eftir löndum, árin 2002-2006.

kom aðal framleiðslan úr áframeldi, en þá er villtur fiskur fangaður og fóðraður í ákveðin tíma fyrir slátrun. Nú er alaldi, þ.e.a.s. eldi frá klaki upp í fisk í markaðsstærð, allsráðandi í norsku þorskeldi.

Í Noregi eru miklar væntingar um hraða uppbyggingu í þorskeldi og stór áform eru um þróun eldisins á næstu árum. Út frá fjölda seiða sem farið hafa í sjókvíar er líklegt að framleiðslan árið 2007 nemi um 15.000 tonnum og rúmunum 20.000 tonnum árið 2008. Fyrir nokkrum árum var því spáð að framleiðslan gæti orðið allt að 100.000 tonnum árið 2010. Skiptar skoðanir eru um vöxt þorskeldis í Noregi á næstu árum og eru spár nú um framleiðslu næstu ára hógværi. Reynsla fyrri ára sýnir að gæta þurfi varúðar í spám m.a. vegna mikilla affalla í eldinu. Nú er talið líklegast að

framleiðslan muni nema um 35.000 tonnum árið 2010.

Ísland

Hafrannsóknastofnunin hefur verið frumkvöðull í þróun og framleiðslu þorskseiða á Íslandi. Á hennar vegum hafa verið framleidd þorskseiði á hverju ári síðan 1994. Árið 2003 var Icecod ehf. stofnað í þeim tilgangi að vinna að kynbótum á þorski. Fram til þessa hefur framleiðslan verið lítil eða 100.000-200.000 seiði á ári. Á Íslandi eru einnig fönguð villt þorskseiði, u.þ.b. 5 g, að hausti, þau alin í strandeldisstöð fram á vor og þá sett í sjókvíar. Föngun smáseiða til eldis er eingöngu stunduð á Íslandi. Eldi á villtum seiðum hefur aukist veruleg og í sjókvíar fóru tæp 500.000 seiði á ári, árin 2005 og 2006.

Framleiðsla eða magn eldisþorsks sem var slátrað á Íslandi hefur aukist mikið á síðustu árum eða úr um 10 tonnum árið 2000 í um 1.400 tonn árið 2006. Framan af kom framleiðslan eingöngu úr áframeldi en nú á síðustu árum einnig úr aleldi. Það er þó ekki fyrr en árið 2006 sem fyrstu opinberu tölurnar eru birtar um slátrun á þorski úr aleldi sem þá nam um 180 tonnum. Miðað við stöðuna í dag er ekki gert ráð fyrir mikilli framleiðsluaukningu á næstu árum og að framleitt magn verði varla komið yfir 5.000 tonn árið 2010.

Bretland

Á síðustu árum hefur verið samfelld aukning í framleiðslu þorskseiða á Bretlandi og voru framleidd 1,9 milljón seiði árið 2006. Þorskeldi í Bretlandi byggist alfarið á aleldi og eru þar nú þrjár seiða-eldisstöðvar.


Framleiðsla hefur verið lítil fram að þessu, mest um 550 tonn árið 2006. Áætlað er að framleiðslan nemi tæpum 3.000 tonnum árið 2007. Þorskeldisfyrirtækið Johnson Seafarms, stærsti framleiðandi eldisþorsks á Bretlandi, áætlað að framleiða u.þ.b. 5.000 tonn árið 2008. Gert er ráð fyrir að framleiðslan verði um 11.000 tonn árið 2011.

Kanada

Framleiðsla þorskseiða hefur aldrei verið mikil í Kanada. Þar eru þrjár seiðaeldisstöðvar og framleiðslan undir hálfri milljón seiða. Framan af var eingöngu stundað áframeldi á þorski í Kanada en framleiðslan náði aldrei nema rúmlega 200 tonnum árið 2002. Síðan hefur dregið úr framleiðslunni en megin skýringin á því eru örðugleikar við að fá villtan þorsk í eldið. Ennþá er framleiðsla í aleldi mjög lítil, en gera má ráð fyrir aukningu á næstu árum samfara uppbyggingu í seiðaeldi.

Önnur lönd

Færeyingar eru nýbyrjaðir með þorskeldi. Seiðaframleiðslan fer fram í rannsóknastöð í eigu færeysku landsstjórnarinnar og voru seld um 140.000 þorskseiði til tveggja matfiskeldisstöðva um áramóttin



Mynd 2. Framleiðsla á eldisþorski í aleldi og áframeldi, árin 2000-2006.

2006/2007. Stefnt er að því að framleiða 300.000 þorskseiði árið 2007 og 500.000 árið 2008.

Í öðrum löndum eins og Bandaríkjunum, Írlandi og Danmörku er stundað tilraunareldi í litlu mæli.

Framtíðaráform

Á næstu árum og áratugum má gera ráð fyrir auknu framboði á eldisþorski og þá fyrst og fremst frá Noregi. Ekki er líklegt að mikil framleiðsluaukning verði í Bretlandi, fyrst og fremst vegna skorts á rými til eldisins miðað við núverandi eldistækni. Sama gildir einnig um Færeyjar og Írland. Nægilegt rými er til eldisins við austurströnd Kanada en umhverfisaðstæður eru þar erfiðar. Einnig eru aðstæður til þorskeldis erfiðar við Danmörku og Svíþjóð og ekki að vænta þess að þar verði framleitt mikið af eldisþorski. Í öðrum löndum sunnar í Evrópu er of heitt fyrir þorskeldi.

Það er því eingöngu í Noregi sem framleiðsla í þorskeldi gæti numið hundruðum þúsundum tonna. Þar hafa menn mikla trú á þorskeldi og er talið að þegar hafi verið fjárfest í greininni fyrir um 25 milljarða íslenskra króna frá árinu 2001 sem er að langmestu leyti er fjármagnað með hlutafé. Codfarmers, stærsta þorskeldisfyrirtæki í Noregi, var skráð í Kauphöllinni í Osló síðla árs 2006. Fyrirtækið hefur nú sótt þangað hlutafé sem svarar til rúmum þremur milljörðum íslenskra króna. Greinin fær góðan stuðning frá norskum stjórnvöldum og er heildarframlag til rannsókn- og þróunarverkefna í þorskeldi nú áætlað um tveir milljarðar íslenskra króna á ári.

Miklar væntingar eru um aukið þorskeldi í Noregi á næstu árum. Þar gera menn sér vonir um að þróunin muni vera svipuð og í laxeldi. Á mynd 3 er sýnd framleiðsla í laxeldi frá árinu 1975. Þá var framleiðslan á laxi tæp 900 tonn en 600 þúsund tonn árið 2005. Til samanburðar er höfð framleiðsla í þorskeldi árin 2001-


2006 og áætluð framleiðsla árin 2007-2010. Eins og staðan er í dag, er þróunin nú hraðari í þorskeldi en var í laxeldinu í kringum 1980. Að því gefnu að hægt verði að byggja upp arðbært þorskeldi á næstu árum eru miklar líkur á því að þróunin muni vera töluvert hraðari en var í laxeldi. Það er m.a. hægt að rökstyðja með:

- Í upphafi þorskeldis eru stórir markaðir fyrir þorskafurðir og eftirspurn er meiri en framboð. Aftur á móti voru mjög litlir markaðir fyrir lax í upphafi laxeldis og því þurfti að leggja mikla vinnu við að byggja upp nýja markaði og ítrekað þurfti að draga úr framleiðslu til að koma í veg fyrir offramboð.
- Sjúkdómar ulla miklum tjónum í laxeldi en það dró verulega úr þeim með tilkomu bóluefna í byrjun tíunda áratugarins. Í upphafi þorskeldis eru sjúkdómar mikið vandamál en líklegt er að lausn á þeim muni finnast fyrir m.a. vegna reynslu og þekkingu sem hefur fengist í laxeldi.
- Í Noregi hefur sjókvíaeldi verið í þróun í nokkra áratugi samfara uppbyggingu í laxeldi. Mikil þekking og færni hefur því aflast við rekstur sjókvíaeldisstöðva. Sú tækni sem þróuð hefur verið fyrir laxeldi er að mestu leyti hægt að nýta fyrir þorskeldi og skipta út laxi í staðinn fyrir þorsk. Öll umgjörð fyrir greinina er nú þróaðri en í upphafi laxeldis, öflugar rannsóknastofnanir, stjórnsýsla, heilbrigðiseftirlit og fjöldi fyrirtækja sem sjá um að þjónusta greinina.

Hverjir eru möguleikar Íslendinga?

Íslendingar hafa fylgst með þróun laxeldis hjá nágrannalöndum á undanförunum áratugum og undrast velgengni þeirra á sama tíma og lítið hefur gegnið að byggja upp sambærilegt eldi hér á landi. Á Íslandi eru erfiðar umhverfisaðstæður og hafa tjón í eldinu verið tíð, sérstaklega á fyrstu áratugum sjókvíaeldis. Miklir erfiðleikar hafa verið í greininni og mikill fjöldi þeirra fyrirtækja sem hafa hafið rekstur hafa hætt eftir tiltölulega skamman tíma. Það má því velta þeirri spurningu fyrir sér hvað hafi breyst og hvort sjókvíaeldi geti í raun og veru orðið samkeppnishæft við sjókvíaeldi annarra landa í Norður-Atlantshafi. Á síðustu árum hafa nokkrar mikilvægar forsendur breyst. Þær eru:

- Eldi á þorski er hafið og er tegundin betur aðlöguð að umhverfisaðstæðum á Íslandi en laxinn sem var ráðandi tegund í sjókvíaeldi.
- Þekking á umhverfisaðstæðum hefur aukist mikið með rekstri sjókvíaeldisstöðva allt í kringum landið á undanförunum áratugum.
- Mikil þróun hefur átt sér stað á búnaði til sjókvíaeldis. Hann er nú mun sterkari og betur aðlagður að aðstæðum hér á landi en áður var.
- Veðurfar virðist vera að hlýna og spáð er hlýnun á



Mynd 3. Þróun laxeldis (1975-2005) og þorskeldis (2001-2010).

næstu áratugum.

Stóru sjávarútvegsfyrirtækin leiða þróun þorskeldis á Íslandi og líta á eldið sem tilraunaverkefni til þekkingaröflunar og að til meta arðsemi þess. Það er ljóst að þegar eingöngu er skoðað matfiskeldi á þorski eru samkeppnisstað okkar lakari en t.d. Norðmanna. Á það hefur verið bent að þegar arðsemi þorskeldis er metið, þarf einnig að meta samlegðaráhrif veiða, eldis, vinnslu og markaðssetningu þorskafurða. Í þeirri heildarmynd gæti þorskeldi verið áhugavert fyrir sjávarútvegsfyrirtækin. Þó að þorskeldi eitt og sér sé ekki alltaf arðbært getur það verið hagkvæmt, þar sem það getur styrkt aðra þætti í rekstri fyrirtækisins. Tilraunareldi á næstu árum mun væntanlega svara spurningunni um, hvort þorskeldi á Íslandi verði samkeppnishæft við þorskeldi í nágrannalöndunum.

Greining birtist einnig í morgunblaðinu 26. nóvember 2007.